



Reykjavík  
24. júní, 2019.

Sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit  
b.t. Linda Björk Pálsdóttir.

Faxaflóahafnir sf.  
b.t. Gísli Gíslasonar.

Efni bréfsins varðar stöðun mála hjá Vatnsveitufélaginu og einnig er vísað í fundargerð aðalfundar frá 24. júní 2019 og lagðar eru fram upplýsingar til notkunar við fjárhagsáætlanir eigenda fyrir næsta ár.

Vatnsveita Hvalfjarðarsveitar sf. hefur rekið vatnsveituna í rúmlega 4 ár og því gefst tækifæri á samanburði á vatnsnotkuninni á þessum árum, þ.e. 2015 – 2018.

Samkvæmt meðfylgjandi gögnum er vatnsnotkunin árið 2018 komin að 32 l/s sem er um 5 l/s yfir sjálfrennsli lagnarinnar til Grundartanga. Tvö fyrstu árin eru við efri mörk þess sem lögnin annar í sjálfrennsli. Vatnsnotkun hjá Elkem hefur hins vegar aukist síðustu tvö árin sem er þvert á það sem stefnt hefur verið að en þessi notkun Elkem skýrir aukna vatnsnotkun á veitusvæðinu. Horfur eru á að notkunin á þessu ári verði hins vegar minni hjá fyrirtækinu.

Þessi staða hefur í för með sér:

- Að það er brýnt að halda áfram undirbúningi að fyrirhugaðri styrkingu á vatnsbólínu í Tungu eins og Vatnsveitufélagið hefur haft áform um.
- Að í ljósi þurrkatíðar að undanfögnu og ástands við Laxá verður ekki horft fram hjá því að mati stjórnar að skoða iðnaðarvatnsveitu fyrir Grundartanga. Þetta er mál sem þarf að huga að með fullri alvöru og flýta aðgerðum að mati stjórnar Vatnsveitunnar.

Framkvæmdum við iðnaðarvatnsveitu er áfangaskipt samkvæmt langtíma áætlun.

Stærðargráðuna má sjá í eftirfarandi tölum.

○ Iðnaðarvatnsveita, undirbúningur og hönnun	10.000.000,-
○ Iðnaðarvatnsveita, mótvægisáðgerðir	15.000.000,-
○ Iðnaðarvatnsveita, Eiðisvatn, vikjun og dæling	60.000.000,-
○ Iðnaðarvatnsveita, Birgðatankar	32.000.000,-
○ Iðnaðarvatnsveita, Endurnýting vatns.	40.000.000,-
Samtals:	157.000.000,-



Stjórn Vatnsveitufélagsins hefur á fundi þann 24. júní, samþykkt fjárhagsáætlun næsta árs, 2020 og leggur jafnframt um leið fram langtímaáætlun til ársins 2029 sem var sömuleiðis samþykkt.

Framkvæmdaþættir áætlunarinnar eru í samræmi við það sem áður hefur verið lagt fram með. Framkvæmdum hefur þó verið frestað undanfarin ár vegna hægari uppbyggingu á Grundartanga. Á yfirstandandi rekstrarári og á næsta ári er gert ráð fyrir að hefja undirbúning að styrkingu vatnsbóls í Tungu í samvinnu við Elkem Ísland og að undirbúningur vegna iðnaðarvatnsveitu verði hafinn í beinu framhaldi (2021).

Verðskrá félagsins var staðfest óbreytt á fundinum þann 24. júní. Verðskráin tekur breytingum í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.


#### Atriði vegna fjárhagsáætlana eigenda.

Með vísan í það sem hér kemur fram að framan er ekki gert ráð fyrir fjárframlögum eigenda **vegna framkvæmda á árunum 2019 og 2020, einungis vegna hallareksturs veitunnar samkvæmt áætlun.** Félagið á í sjóði fyrir undirbúningi og framkvæmdum þessa árs og þess næsta.

Þannig að nú er óskað eftir að hvor eignaraðili greiði kr. 320.000,- við fyrsta tækifæri vegna hallareksturs í samræmi við áætlanir félagsins.

Þá munu fljótlega verða sendir reikningar vegna umsaminnar sölu vatns til hvors eiganda veitunnar, Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna (miðað er við 3 l/s til hvors aðila).

f.h. stjórnar Vatnsveitufélagsins

  
Guðmundur Eiríksson